

Ráðgjöf til frumkvöðla og sprotafyrirtækja

Við mótmælum þeim fyrirætlunum í frumvarpinu að leggja alfarið niður ráðgjöf (s.k. handleiðsla) til frumkvöðla og sprotafyrirtækja á fyrstu stigum, en allt að 1000 fyrirspurnir um handleiðslu berast til Nýsköpunarmiðstöðvar á hverju ári. Að þetta sé gert einmitt þegar þörfin er mest á þessum sérstökum tímum er ámælisvert. Reynslan hefur þegar sýnt okkur frá kreppunni 2008 hversu mikilvæg slík þjónusta er fyrir samfélagið og hversu mikil verðmæti hún getur skapað.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að umhverfi markaðarins sé orðið nógu þroskað til að taka við þessu hlutverki, en við fullyrðum að svo sé ekki. Þá er það a.m.k. ekki á þeim forsendum sem frumkvöðlarnir sjálfir þurfa á að halda og mikilvægt er til að tryggja fjölbreytta nýsköpun í landinu. Þar er ókeypis ráðgjöf á allra fyrstu stigum lykillinn. Þau fyrirtæki sem færu inn á þennan markað þurfa eðlilega að fá inn tekjur og þurfa því að taka gjöld fyrir þjónustuna. Fáir frumkvöðlar með hugmynd á allra fyrstu stigum hafa efni á því að greiða stundargjald fyrir ráðgjöf. Því þarf ríkið að koma að þessu, annað hvort með því að reka slíka þjónustu áfram á Nýsköpunarmiðstöð, tryggja að þjónustan sé til staðar á fyrirhuguðum Nýsköpunargörðum eða tryggja með fjárframlögum að einkaaðilar geti veitt slíka þjónustu ókeypis (fyrstu skref). Slík þjónusta er í boði í flestum ef ekki öllum löndum sem við viljum bera okkur saman við – einhver ástæða er fyrir því. Ríkið á að sjálfsögðu að tryggja slíka þjónustu um allt land, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu þar sem flestir landsmenn búa, en þar á að leggja þessa þjónustu niður alfarið.

Í frumvarpsdrögum er sagt að framlög til og áhersla á nýsköpun á landsbyggðinni verði aukin. En það er ekki nóg að bæta við fjármunum í verkefnasjóð og halda einhverju fram, fyrirhugað skipulag þessara mála þarf að vera alveg skýrt svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun og því er algjörlega ábótavant í drögnum. Það er líklegt að veita eigi einhverja ráðgjöf á landsbyggðinni á skv. frumvarpinu að en óljóst með hvaða hætti það verði gert. Reynslan í gegnum árin hefur sýnt hversu mikilvægt það er fyrir nýsköpun á landsbyggðinni að annars vegar hafa sérfræðinga á staðnum sem geta aðstoðað frumkvöðla persónulega og hins vegar að þeir sérfræðingar hafi beint aðgengi að öðrum hópi sérhæfðari sérfræðinga (í viðskiptum, ferðamálum, tækni og raunvísindum) sem geta aðstoðað alla landsbyggðina, því störf á staðsetningar virkar í báðar áttir. Slíkt tengslanet er einungis tryggt með dreifðri en miðlægri nálgun og því hlutverki hefur Nýsköpunarmiðstöð verið að sinna, en þó ekki eins vel og vilji er til, vegna skorts á fjármunum og áhersluleysi hjá ráðuneytinu sjálfu.

Samlegðaráhrif ólíkra deilda Nýsköpunarmiðstöðvar

Á Nýsköpunarmiðstöð hefur verið safnað saman verkefnum er snúa að tæknirannsóknum, ráðgjöf og þjónustu við frumkvöðla og sprotafyrirtæki og aðstoð við nýsköpun á landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Nálægð þessara þjónustubátta við hvern annan hefur styrkt þá og aukið þverfaglegt samstarf í þágu þeirra sem þjónustuna nota. Þegar frumkvöðull óskar eftir ráðgjöf hefur það gjarnan komið sér vel að hafa öflugan hóp sérfræðinga með mismunandi þekkingu og reynslu og á mjög fjölbreyttum sviðum. Með þessu frumvarpi er ætlunin að tvístra þeim suðupotti sem Nýsköpunarmiðstöð er í dag, tæknirannsóknir haldi áfram undir nafni Nýsköpunargarða ehf en öðrum þáttum verði dreift á fjölmarga staði og þá standa bæði verkefni og fyrirhugaðir Nýsköpunargarðar veikir eftir. Það að skipta þjónustu og stoðkerfi við nýsköpun í landinu upp og dreifa á mörg mismunandi rekstrarform gerir umhverfið flóknara fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda.

Þörfin fyrir miðlægum aðila sem þjónustar landið allt, er augljós. Í dag sinnir Nýsköpunarmiðstöð þessu hlutverki, en vissulega mætti gera betur og þá mætti efla þann þátt með frekara fjármagni frá ríkinu, enda er yfirlýst stefna Ríkisstjórnarinnar að efla nýsköpun. Einnig væri hægt að færa milli verkefna það fjármagn sem Nýsköpunarmiðstöð fær á fjárlögum sem hluti af endurskipulagningu.

Ráðgjöf á fyrirhuguðum Nýsköpunargörðum

Ef Nýsköpunarmiðstöð verður lögð niður og Nýsköpunargarðar ehf verða til, þá þarf að tryggja að viðskiptaleg ráðgjöf sé einnig til staðar samhliða tæknilegri ráðgjöf, en í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir tæknilegri ráðgjöf. Því þarf að tryggja að nokkur stöðugildi með viðskiptalega þekkingu og reynslu fylgi með þegar Nýsköpunargarðar eru stofnaðir. Þessir sömu starfsmenn gætu þá einnig sinnt ráðgjöf til frumkvöðla á fyrstu stigum, sem ekki þurfa tæknilega ráðgjöf sbr. 1000 handleiðslufyrirspurnir á hverju ári.

Algengt er að frumkvöðull, t.d. lækni, komi til Nýsköpunarmiðstöðvar til að fá ráð um hvernig hægt sé að þróa nýtt lækningatæki. Læknirinn þekkir hina klínísku þörf og hvernig tækið þarf að virka, en vantar bæði þekkingu á styrkjakerfi, gerð viðskiptamóðels, hönnun tækis og gerð frumgerða, auk verkefnistjórnar á þróunarverkefnum, þekkingar á markaðssetningu, vottun á tækinu og hugverkavernd. Á fyrsta viðtali eru kallaðir til sérfræðingar, bæði í tæknilegri og viðskiptalegri ráðgjöf. Í kjölfarið er farið í samstarfsverkefni til að koma þróun tækisins í gang og læknirinn stofnar sprotafyrirtæki sem sækir í Tækniþróunarsjóð og hugsanlega með Nýsköpunarmiðstöð og/eða öðru fyrirtæki ef samlegðaráhrif eru til staðar.

Ef Nýsköpunargarðar verða án ókeypiss viðskiptalegrar ráðgjafar leiðir það af sér að færri frumkvöðlar á fyrstu stigum leita þangað og færri nýsköpunarverkefni verða til. Það er slæmt fyrir frumkvöðlaumhverfið, atvinnulífið og nýsköpun á landinu öllu.

F.h. starfsmanna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands